

Fundur haldinn þriðjudaginn 17. október 2023 kl. 19:00 í leikskólanum Klöppum

1. **Almenn fundarstörf**

Setning fundar – Aðalbjörg, formaður, setur fund og þakkar Drífu fyrir að taka á móti konum. AB segir frá haustferðinni en það var góð og skemmtileg ferð, og góð mæting. (Lesi má nánar um ferðina í stuttri umfjöllun á heimasíðu deildarinnar.)

Kveikt á kertum – Minnie er boðið að kveikja á kertunum.

Formaður skilar hlýjum kveðjum frá fjarstöddum konum.

Orð til umhugsunar – Þorgerður fer með orð til umhugsunar. Henni áskotnaðist ljóðabók um síðustu jól eftir Arndísi Lóu Arngrímsdóttur, sem er dóttir Auðar Övu rithöfundar. ÞS segir frá dótturinni, en hún þekkir aðeins til sögu hennar í gegnum son sinn. Ljóðabókin heitir *Taugaboð á háskólalínu* og les ÞS ljóð úr bókinni.

Að loknum orðum til umhugsunar felur formaður undirbúningsnefnd að taka við fundarstjórn og er það Aníta Jónsdóttir sem er fundarstjóri. Í undirbúningsnefnd fundarins eru auk Anítu, Eygló, Hugrún, Lilja, Minnie og Þorgerður.

AJ fer yfir dagskrá fundarins.

Fundargerð síðasta fundar – SRJ les síðustu fundargerð sem var frá lokafundi (maí) síðasta starfsárs. Fundargerðin er borin upp til samþykktar og samþykkt.

2. **Erindi frá stjórn**

Formanni er gefið orðið og fer AB yfir eftirfarandi:

Vetrardagskráin – er borin upp til samþykktar. Aðeins ein athugasemd hafði borist og er ein til viðbótar borin upp á fundinum, hún snýr að dagsetningu fundar í mars. Formaður tekur athugasemdina niður. Farið er yfir hefðbundna fundi og aðra fundi. Jólafundur er skrásettur 23. nóvember sem er fimmtudagur. Fram kemur að í ár verði fundurinn aðeins með Betadeild. Bókafundur er 15. janúar sem er mánudagur. Enginn fundur verður í febrúar en fundur verður í mars og verður dagsetning þess fundar skoðuð betur skv. athugasemd. Þá er fundur í apríl og síðasti fundur starfsvetrarins í maí og var komin tillaga að 16. maí. Lagt er til að stjórn leggi til daga sem til greina komi í mars og í framhaldinu er bent á að huga að stórhátíðum og vetrarfríum en annað þurfi að leggja til hliðar. Dagskráin er samþykkt með fyrirvara um dagsetninguna í mars.

Framkvæmdaráðsfundur – AB ræðir að formaður Landssambands hafi sent út fréttabréf þar sem farið er yfir það sem fram fór á fundinum og eru konur hvattar til að lesa það. En fundurinn sem haldinn var 2. september sl. tókst vel. Heilt yfir var góður

andi og hljómur í félagskonum. Rætt var m.a. um sýnileika samtakanna en ekki mikið rætt um samtökin út á við. Umræða var um stórar og litlar deildir og að auka samstarf á milli deilda. Einnig var sagt frá málþingi Epsilon-deildar á Suðurlandi sem haldið verður 26. október í Fjölbrautaskóla Suðurlands. Góð umræða var á fundinum um menntamál og rætt var hvort hægt væri að hafa frekari hönd í bagga varðandi þær breytingar sem eru í loftinu, þ.e. löggjöf á sviði menntamála. Þá voru konur hvattar til að leggja niður störf og taka þátt í kvennaverkfallinu þann 22. október og mótmæla. Að lokum var minnt á að sækja um leiðtoganámskeiðið en umsóknarfrestur er til 1. desember nk. og mun fjölpóstur fara út um það.

Fréttabréf forseta – AB fer yfir helstu punkta (eru komnir ofar).

Flutningur nýrrar félagskonu inn í Beta-deild – Formaður býður Kristínu Guðbjörgu Snæland velkomna í Betadeild og er henni boðið að koma upp og kynna sig betur. Kristín Guðbjörg er ein af stofnfélögum Nýdeildar. Hún er upphaflega úr Keflavík en flutti til Skagafjarðar fyrir 20 árum. Hún stiklar á fjölskyldusögu sinni og flutningum. Hún hefur kennt sl. 20 ár á Sauðárkróki en kennir nú í Hlíðarskóla. Kristínu er færð rós og er hún boðin innilega velkomin í Betadeild.

3. Önnur mál

Stórafmæli félagskvenna – Hildur fer með orð til félagskvenna sem eiga stórafmæli. Hún segir frá afmælskonunum og þeirra degi. Fyrstu umfjöllun fær Fríða Pétursdóttir en hún fæddist 28. september 1963 á laugardegi og þá var allt vaðandi í síld. Þennan dag hófst dagskrá útvarps kl. 13.00 og er þátturinn Fjör í kringum fóninn sérstaklega nefndur. Hildur telur upp hvað hægt var að kaupa í Kaupfélaginu þennan dag. Hvað sýnt var í Þjóðleikhúsinu, bíóhúsunum o.fl. Fríða fær rós frá deildinni og gjöf frá UNICHEF sem er hlýr fatnaður o.fl. Næsta kona er Helena en hún átti stórafmæli í fyrra en hún er fædd þann 6. nóvember 1972. Margar skemmtilegar fréttir voru frá þessum degi, sauðfé var t.d. þjakað af tannlosi, tvær Karnabæjarverslanir höfðu opnað en þar var hægt að fá bestu gallabuxurnar. Í dagbók barnanna var sagan *Tveir rauðir indíánar*. Sjálfstætt fólk, Atómstöðin og Kristinhaldið var í leikhúsum Reykjavíkur en á Akureyri var leikritið *Ég vil fá minn mann!* Helena fær einnig rós og gjöf frá UNICEF sem eru 25 umhverfisvæn dömubindi. Konur ræða hvað það sé skemmtilegt að heyra Hildi segja frá og bendir Hildur á að upplýsingar um afmælisdagana sé að finna á *timarit.is*.

Umræða verður og er bent á að gaman væri að setja þessar skemmtilegu samantektir inn á vefinn hjá deildinni. Var tekið vel í það.

4. **Vígsla nýrrar félagskonu**

Stjórn stýrir athöfn – Drífa Þórarinsdóttir er vígð inn í Betadeild.

5. **Kaffi og veitingar og kynning á Klöppum**

Undirbúningshópur býður til kaffisamsætis.

Dregið í happdrætti – Jóhanna er dregin út og fær vinning frá Vöku.

Í kaffihléi segir Drífa stuttlega frá sjálfri sér, en hún er fædd í Vestmannaeyjum árið 1973. Hún segir frá búsetu sinni í Reykjavík, Dalvík, Hrísey og Akureyri. Drífa útskrifast úr Kennaraháskólanum árið 2004 sem leikskólakennari. Drífa hefur starfað við nokkra leikskóla á Akureyri, Vestmannaeyjum og í Hrísey. Hún varð skólastjóri Klappa haustið 2021 þegar skólinn opnaði og er því að hefja þriðja starfsárið þar. Drífa segir Klappir vel mannaðan skóla faglega en margir skólar á Akureyri eru ekki lengur svo vel staddir. Aðeins einn karlmaður er í starfsmannahópnum. Í skólanum eru 130 börn, þrjár deildir byrjuðu með 1 árs börn en aldursamsetningin mun svo jafna sig með tíð og tíma. Skólinn er SMT skóli og verður réttindaskóli UNICEF fljótlega, þá er barnasáttmálinn að leiðarljósi í öllu starfinu, einnig er verið að innleiða grænfána og fleiri þróunarverkefni. *Slökkt á kertum* – Minnie er boðið að slökkva á kertum og Anítu þökkuð fundarstjórn. Minnt er á jólafundinn í nóvember og fundi slitið.

Eftir að fundi er slitið formlega gengur Drífa með félagskonum um skólann og segir frá honum.

Fleira ekki rætt og fundi slitið/SRJ